

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Auðbrekka 2-32.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í fjölgun íbúða úr 90 í 165 við Auðbrekku 2-32 á skilgreindu athafna- og íbúðasvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*